

M-109/2011. Álit 12. apríl 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. apríl 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-109/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. nóvember sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna fartölvu sem hann keypti hjá Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir rafhlöðu fartölvunnar gallaða og krefst þess að seljandi afhendi rafhlöðu álitsbeiðanda að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 21. nóvember 2011, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 2. desember 2011. Þann 5. desember voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og einnig bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Engar frekari athugasemdir bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti Packard Bell fartölvu hjá seljanda þann 23. nóvember 2009 fyrir kr. 88.760. Segir álitsbeiðandi að eftir 23 mánaða notkun tölvunnar sé rafhlaða hennar ónothæf og dugi ekki nema örfáar mínútur eftir að tölvan er tekin úr sambandi. Segir eftirfarandi í álitsbeiðni:

„Ágreiningsatriðið er að seljandi telur ábyrgð sína á rafhlöðu tölvunnar einungis vera 12 mánuði og vísar í meðfylgjandi lýsingu vörunnar frá 2009...“

„kaupandi telur rafhlöðu aftur á móti vera hluta af fartölvu og að fartölva virki ekki sem fartölva ef batterí er gallað og dugar bara 5 mínútur þegar seljandi telur tölvuna eiga að endast í 5 klst...“

„Samkvæmt meðfylgjandi tölvupóstsamskiptum er greinilegt að seljandi ætlar sér ekki að standa við 2 ára ábyrgð fartölvunnar.“

IV

Andsvör seljanda

Seljandi segir að álitsbeiðandi hafi keypt tölvuna 23. nóvember 2009 og tölvan sé frá þeim degi sem andsvörin eru rituð úr tveggja ára ábyrgð. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi komið í verlsun seljanda hinn 17. nóvember 2011 og kvartað yfir að rafhlaðan væri léleg. Ekki var litið á fartölvuna þar sem eigandi hennar mótmælti ábyrgðartíma á rafhlöðu sem seljandi

segir hafa verið og sé sérstaklega auglýstur sem 12 mánaða rafhlöðuábyrgð. Segir svo áfram í andsvörum:

„Í ljósi þess að Y hefur hvorki fengið að skoða tölvu né rafhlöðu er ekki hægt að „giska“ á hvert ólagið er og af hverju, en miðað við eðlilega hleðslu er hleðslugetan búin og fellur það ekki undir ábyrgð heldur eðlilega notkun.

Rafhlöður í fartölvu hafa endingartíma miðað við notkun og með hleðslugetu frá 300-500 hleðslur og teljast líkt og hver önnur rekstrarvara sem hefur endingartíma miðað við notkun.

Ef framleiðslugalli er í rafhlöðu er tekin ábyrgð á henni í 2 ár en miðað við lýsingu er um að ræða eðlilegt slit eða rýrnun á rafhlöðu er ekki hægt að réttlæta útskipti í ábyrgð.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaupkaup (nkpl.), sbr. 1. gr. laganna.

Eins og áður er rakið keypti álitsbeiðandi fartölvuna 23. nóvember 209. Þann 17. nóvember 2011 kvartaði álitsbeiðandi í verslun seljanda um að rafhlaðan væri léleg. Var það tæpum 24 mánuðum eftir að kaup fóru fram. Telur kærunefndin samkvæmt þessu að álitsbeiðandi hafi uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. 27. gr. um tilkynningu á galla, innan frests og án ástæðulauss dráttar frá því galla varð vart. Þá hefur álitsbeiðandi krafist þess að fá afhenta nýja rafhlöðu frá seljanda með vísan til 30. gr. umræddra laga.

Seljandi mótmælir kröfum álitsbeiðanda og segir að sérstaklega hafi verið auglýst 12 mánaða rafhlöðuábyrgð. Þá segir seljandi að þar sem hann hafi hvorki fengið að skoða tölvu né rafhlöðu geti hann ekki vitað af hverju bilunin stafi. Loks kemur fram hjá seljanda að rafhlöður séu eins og hver önnur rekstrarvara og hafi endingartíma eftir notkun. Því geti rafhlaðan ekki talist gölluð í skilningi laga um neytendakaup.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Þar sem mál þetta snýst um endingu á rafhlöðu, sem seljandi segir sjálfur að sé rekstrarvara sem ekki sé víst að hafi endingu umfram eitt til eitt og hálf ár telur kærunefndin að skýra verði 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga um kvörtunarfrest, 2 eða 5 ár eftir atvikum, á þá leið að ef seljandi hefur sérstaklega greint kaupanda frá því með skýrum og ótvíræðum hætti að endingartími söluhlutar, eða einstakra hluta hans sé skemmri en kvörtunarfrestur skv. greininni, verði ekki talið að seljandi beri ábyrgð á söluhlutnum eða einstökum hlutum hans í lengri tíma en sá fyrirvari nær til. Hafi hinsvegar söluaðili ekki gert slíkan fyrirvara með nægjanlega skýrum og ótvíræðum hætti getur hann ekki gert slíkan fyrirvara eftir kaupin.

Þrátt fyrir að það komi fram í ábyrgðarskilmálum seljanda að ábyrgð á rafhlöðum sé einungis eitt ár kemur þar ekkert fram sérstaklega um hver sé endingartími rafhlöðu af þeirri gerð

sem hér er deilt um. Ekkert hefur heldur komið fram um það að seljandi hafi greint álitsbeiðanda sérstaklega frá því þegar kaupin fóru fram að líftími rafhlöðunnar væri einhver ákveðinn tími, og þá skemmri en tvö ár sem er hinn almenni kvörtunarfrestur vegna galla. Það sem það var ekki gert álitur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi mátt vænta þess að rafhlaðan entist lengur en raun ber vitni sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. Telur kærunefndin því að rafhlaða sú er deilt er um í málinu hafi sé haldin galla og að seljanda beri að verða við kröfu álitsbeiðanda og leggja honum til nýja rafhlöðu í fartölvuna.

VI
Álitsorð

Y leggi álitsbeiðanda, X, til nýja rafhlöðu í tölvuna sem hann keypti hjá versluninni þann 23. nóvember 2009.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir